


Lýsing á umhverfi

Daníelslundur er í hjarta Borgarfjarðarhéraðs. Hér er viðsýnt um blómlegar sveitir. Í suðri blása við Hafnarfjall og Skarósheiði en í norðri ris Baula, eitt af einkennisfjólum héraðsins, keilumyndað í marglítum líparítmyndum. Í austri má sjá úlkomumikinn Eiríksjökul, móbergsstapa sem orðið hefur til undir jökli.

Nokkru fjarri að sjá, er Langjökull, annar stærsti jökull landsins. Hér einkennist landslagið af klapparásum og hölcum með mýransundum á milli.



Þessir ásar leygja sig frá mynna innidala niður á Haldendí Hvitár og Borgarfjarðar Víðfeðmín birkiskógar og kjarr er ríkjandi á þessum slóðum og hefur án efa átt þátt í vinsældum þess en á þessum slóðum er ein stærsta sumarhúsahverfi landsins. Daníelslundur er í landi Svignaskarðs sem eitt sinn var í eigu Snorra Sturlusonar, þarna var stórbýli, og einnig var gistiúhús og gistiheimili í Svignaskarði á fyrri hluta 20stu aldar, þarna lágu leiðir víða að Jörðin Svignaskarð er núna í eigu stéttafélagsins Eflingar



Skógræktarfélag Borgarfjarðar er fjölmennur félagsskapur áhugaðs fólks um skógrækt og gróðurvernd í Borgarfjarði. Árið 1948 og hefur starfað af krafti síðan. Bætt aðgengi almennings að skóglendum félagsins hefur verið lengi verið eitt aðal markmið félagsins.


Opinn skógur



Eitt brýnasta verkefni skógrættarlélega um allt land er að bæta aðgengi að þeim fjölmörgu skógum sem víða eru til í umsjón og vörslu þeirra. Ástæðan er að skógar eru eitt allra vinsælasta umhverfi til útivistar sem fyrir finnst hér á landi.

Í skjólgóðum og fjölbreyttum skógi getur fólk leitað að þreyningu með ýmsum hætti allan ársins hring.

Opinn Skógur er samstarfsverkefni skógrættarféлага ásamt fyrirtækjunum Olis og Alcan á Íslandi sem þar sem markmiðið er að opna fjölmörg skógræktarsvæði þar sem aðstaða og aðgengi er til fyrirmynda.



Lögd áhersla á upplýsingar þannig að gestir geti fræðst um lífríki, náttúru og sögu viðkomandi svæðis.

Með öflugum fjárhagslegum stuðningi þessara fyrirtækja skapað skógrættarfélag fyrir skógrættarfélag og um leið opnað spennandi áningarsvæði þar sem almennungur getur dvalið í skjólgóðum lundum og notið náttúru landsins.

Bráutryðjendur Opinna skóga:



Daníelslundur Svignaskarð



OPINN SKÓGUR

Skógrættarfélag Íslands, Ránargötu 18, 101 Reykjavík, sími 551 8150, skogi.fc@simnet.is, www.skogur.is



Danielsslundur

Danielsslundur í Svignaskarði í Borgarfirði ber nafn Daniels Kristjánssonar, skógarvarðar frá Illeðavatni. Hann var stjórnarmaður í Skógræktarlélagi Borgarfjarðar en jafnframt framkvæmdastjóri þess um langt árabíll. Félagið hófst hér handa við ræktun árið 1961, þegar 25 ha spilda fékkst á erfðafestu.

Sama ár var landið fríðað og í fyrsta skipti gróðursetu í Danielsslund alls um 7.000 trjáplöntur. Árið 1978 er landið stækkað enn frekar og nafni svæðisins breytt úr Svignaskarðsgröðingu í Danielsslund, til heiðurs Daniels í tilefni af 70 ára afmæli hans. Árangur ræktunarinnar hefur

komið verulega á óvart. Mesta athygli vekur að efst á Klapparhöfðinu, sem margir höldu í upphafi að ekki væri trjáplöntum bjóðandi, vex trjágróður ágætlega. Skilyrði til skógræktar eru hér gremilega mun betri en upphaflega var ætlað.



Danielsslundur er í alfara leið og tilvalinn áningarstaður til að slaka á um stund og taka styttri eða skemmri gönguleið um skógarstíga í ró og næði.

Velkomin í skoginn

- Gönguleiðir
- Göngusúgar ca 1570 m
 - ca 720 m
 - ca 690 m
- Grill
 - Trjásaln
 - Utsýni
 - Upplýsingar
- Berð og bekkur
 - Bilastæði
 - Ahugaverður staður

